



Bókun hverfisráðs Bakkafjarðar vegna erindis Verkís um skipulagslýsingu vegna virkjunaráforma í Staðará.

3. Erindi frá Verkís með ósk um skipulagsgerð vegna áforma um virkjun Staðarár í Bakkafirði.

03.1 Skipulagslýsing á breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og nýju deiliskipulagi.

03.2 Bókun skipulags- og umhverfisnefna vegna málsins á 40. fundi 8.04.2025.

Fyrir liggur ósk frá verkfræðistofunni Verkís um að fara í skipulagsgerð vegna áforma um virkjun Staðarár í Bakkafirði.

Bókun um afgreiðslu: Hverfisráð lýsir miklum áhyggjum af virkjunaráformum sem kynnt eru af Verkís vegna þeirrar röskunar sem þau augljóslega valda á náttúru í Bakkafirði. Verði samþykkt að halda áfram með verkið leggur ráðið til að við framkvæmdirnar verði gripið til mótvægisáðgerða sem m.a. tryggja að helsta aðdráttarafl þessa svæðis, Draugafossi verði hlíft. Fossinn er í „Áfangastaðaáætlun Norðurlands“.

Samþykkt samhljóða.